

Kæru gestir Ráðgjafarþjónustunnar vinsamlegast athugið!

Við reynum allt sem við getum til að halda starfsemi okkar gangandi og leggjum við því ríka áherslu á fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda um smitvarnir.

Við viljum við biðja gesti okkar um að hafa eftirfarandi í huga:

- COVID-19 smitast með snerti- og dropasmiti.
- Smit getur borist:
 - » Beint með dropum frá sýktum einstaklingi, t.d. með hósta eða hnerra.
 - » Með höndum sem hafa mengast af smitefni, t.d. af snertiflötum og eru svo bornar að vitum eða augum.
- Við leggjum áherslu á einstaklingsbundnar smitvarnir. Handhreinsun og rétt notkun hlífðarbúnaðar eru mikilvægustu aðtriðin til að koma í veg fyrir að smit dreifist.
- Við biðjum gesti okkar að þvo hendur og spritta þegar komið er í hús, einnig spritta hendur eftir snertingu við fleti.
- Starfsfólk Ráðgjafarþjónustunnar sinnir þrifum og sótthreinsun yfirborða eins oft og þörf krefur.
- Við reynum að tryggja tveggja metra nálægðartakmörkun á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.
- Gestir eru hvattir til að viðhafa tveggja metra nálægðartakmarkanir eins og hægt er, sérstaklega í samskiptum við ótengda aðila.
- Ef ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð biðjum við gesti um að bera andlitsgrímur, að öðrum kosti er það valfrjálst.
- Starfsfólk Ráðgjafarþjónustunnar mun bera grímur í viðtölum.
- **Því miður getum við ekki tekið á móti ykkur ef þið eruð með kvef, með flensulík einkenni eða magakveisu, né ef þið eruð í einangrun eða sóttkví.**

Virðingarfyllst, starfsfólk Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins